

Sæl Helga,

Ég óska þess að skipulagsráð Kópavogsbæjar taki málið sem reifað er hér að neðan fyrir á fundi sínum.

Málið snýr að því að Kópavogsbær tryggji öllum íbúum bæjarins viðunandi samgöngur frá heimilum sínum. Engin göngu- eða hjólreiðastígur, né vagkantur, hefur verið lagður meðfram Fornahvarfi en það svæði tilheyrir landi Kópavogsbæjar þó gatan sjálf liggi víst á landi Vatnsendalands samkvæmt landmerkjum (gatan er engu að síður eina akstur- og göngusleið umræddra íbúa Kópavogsbæjar). Svæðið meðfram götunni er vel rúmt og ætti því ekki að vera áskorun að bæta þar úr. Nú er unnið að nýbyggingum á hornum Brattahvarfs, Fornahvarfs og Breiðahvarfs og hefur svæðið því aldrei litið verra út, nú er aðeins mold þar sem áður var tættur grasflötur.

Við gerum aðeins kröfu um (1)göngustíg fyrir börnin okkar á landi Kópavogsbæjar og (2) að bærinn eigi samtal við eigendur Vatnsendalands um viðhald á umræddri akstursleið. Að ég þurfi að rita sama póstinn í 5 ár vegna atriðis nr. 1 þykir mér galið þegar stefna bæjarins er að tryggja barnvænt samfélag.

Kær kveðja,

Klara